

Nd.

269. Nefndarálit

[123. mál]

um frv. til laga um útflutningsgjald af sjávarafurðum.

Frá 2. minni hl. sjávarútvegsnefndar.

Sjávarútvegsnefnd Nd. hefur haft mjög nauman tíma til þess að athuga frv. þetta, sem er lagt fram af hálfu ríkisstjórnarinnar nokkrum dögum áður en það á að fá lagagildi.

Á sameiginlegum fundi sjávarútvegsnefnda beggja deilda voru sérstaklega tilkvaddir fulltrúar þeirra samtaka, er sátu í yfirnefnd þeirri, er ákvað fiskverðið í vetur. Auk þeirra mætti þar Jónas H. Haralz, forstjóri Efnahagsstofnunarinnar, sem var oddamaður í yfirnefndinni. Skýrði Jónas frá ýmsum þeim útreikningum og athugunum, sem verðlagningin byggist á svo og frumvarp þetta. Fulltrúar fiskkaupenda á yfirnefndinni, Bjarni V. Magnússon, framkvæmdastjóri sjávarafurðadeildar S. Í. S., og Eyjólfur Ísfeld, framkvæmdastjóri S. H., mæltu með meginefni frv. Af hálfu fiskseljenda mættu Sigurður Egilsson, framkvæmdastjóri L. Í. Ú., og Kristján Ragnarsson, félagsmálafulltrúi L. Í. Ú., og lýstu yfir samþykki við frv. Upplýsti Kristján enn fremur, að hann hefði rætt frv. þetta í útvegsmannafélögum víðs vegar um landið og hefði það ekki mætt þar andmælum. Sömu leiðis hefði

stjórn L. Í. Ú. lýst samhljóða fylgi við það. Af hálfu sjómanna mættu Tryggvi Helgason, fulltrúi A. S. Í., Jón Sigurðsson, formaður Sjómannasambands Íslands, og Guðmundur Oddsson, fulltrúi Farmanna- og fikimannasambandsins. Skýrðu þeir frá því, að andmæli gegn frv. lægju ekki fyrir af hálfu samtaka þeirra, og formaður Sjómannasambandsins lýsti því yfir, að viðtækur skilningur á nauðsyn þessa máls væri fyrir hendi meðal sjómanna og að hann gerði ekki ráð fyrir andúð á málinu af þeirra hálfu. Tryggi Helgason lýsti viðhorfi sínu til afgreiðslu verðlagningarmálsins í yfirnefnd verðlagsráðs og tók fram, að hann teldi aflalægstu síldarbátana ófæra um að taka skatt þennan á sig og að fleira í frv. orkaði tvímælis.

Í nefndinni varð ekki samstaða um afgreiðslu málsins, og skilum við fulltrúar Framsóknarflokksins séráliti.

Sjávarútvegurinn hefur undanfarin ár búið við mikil aflauppgríp og hagstætt verð á erlendum mörkuðum fyrir afurðir sínar. Ætla mætti því, að ástandið í þessum atvinnuvegi væri gott. En því er ekki að heilsa almennt talað, eins og frv. þetta ber órækt vitni um. Það, sem helzt veldur, er óðaverðbólga sú, sem fylgt hefur í kjölfar stjórnarstefnunnar og er vel á veg komin að eyðileggja rekstrargrundvöll mikils hluta fiskveiðiflotans og fiskverkunarstöðvanna. Um þetta liggur fyrir fjöldi yfirlýsinga úr röðum sjávarútvegsmanna, ekkert síður þeirra, sem eru fylgismenn stjórnarflokkanna, en hinna.

Þannig segir Finnbogi Guðmundsson í Gerðum í blaðaviðtali 2. febr. s. 1.: „Mér er óhætt að fullyrða um okkur flesta atvinnurekendur í sjávarútvegi, að við erum ákaflega kvíðnir út af framtíðinni vegna spennunnar á vinnumarkaðinum og hinnar gegndarlausu verðbólgu.“ Andrés Finnbogason, form. útvegsmannafélags Reykjavíkur, lýsti þeirri skoðun sinni á fundi með blaðamönnum 17. jan. s. 1., að þrátt fyrir 17% verðhækkunina í vetur væri ekki rekstrargrundvöllur til á bolfiskveiðum. Nýafstaðið Fiskiping lagði höfuðáherzluna á, að allt væri gert, sem unnt væri, til þess að stöðva dýrtíðina og að engar nýjar álögur yrðu lagðar á útgerðina.

Þannig ber allt að sama brunni. Meginkrafta sjávarútvegsmanna er sú, að ráðizt sé gegn aðalskaðvaldinum, óðaverðbólgunni, sem er að eyðileggja rekstrarafkomuna í þessum undirstöðuatvinnuvegi.

Þingmenn Framsóknarflokksins hafa á undanförunum árum sett fram svipuð sjónarmið. Má m. a. á það minna, að af hálfu flokksins hefur verið lagt til og ítrekað, að fulltrúum allra flokka yrði falið að gera tillögur um ráðstafanir, er dragju úr verðbólguvextinum, en allar slíkar tillögur hefur stjórnarliðið stráfelld í krafti lítils meiri hluta á þingi og meðal kjósenda. Reynsla ætti þó að vera fyrir því, að samvinna á sem breiðustum grundvelli er nauðsynleg við úrlausn jafnvíðkvæms máls og dýrtíðarmálsins.

Frv. þetta, sem flutt er af ríkisstjórninni, er í meginatriðum í samræmi við viðtækt samkomulag, er tókst skömmu eftir s. l. áramót á milli fulltrúa fiskseljenda og fiskkaupenda í yfirnefnd verðlagsráðs sjávarútvegsins um verðlagningu bolfisks yfirstandandi verðlagstímabils. Öllum þeim, er að því standa, er að líkindum ljóst, að það leysir á engan hátt þann meginvanda, sem útgerðin og fiskvinnslan á við að stríða. Hér er því um bráðabirgðalausn að ræða.

Tekjuflutningur sá, er frv. gerir ráð fyrir og nemur um 38 milljónum króna, frá bræðslusíldarafurðum yfir til bolfiskafurðanna er viðkvæmt mál. Við drögum ekki í efa þörfina fyrir hærra bolfiskverð, en umdeilanlegt er að láta síldveiðisjómenn og útvegsmenn bera það uppi. Afkoma síldveiðibátanna undanfarin ár hefur verið afar misjöfn, og má á það minna, að bátar undir 90 tonnum fengu bætur úr Aflatryggingasjóði 1964 og fá 1965 sökum aflabrests, og síldveiðibátar af stærðinni 90—140 tonn jöðruðu við að eiga slíkan bótarétt. Síldveiðarnar eru líka háðar miklum aflasveiflum, eins og reynslan hefur sýnt.

Á hinn bóginn er það rétt, að afkoma stóru og veiðisælu síldveiðiskipanna hefur verið góð undanfarin ár. En sömu sögu, og ekki síðri, má segja um afkomu

stærstu frystihúsanna, sem mest og bezt hráefnið hafa fengið. Þannig er ljóst, að hið sama gildir ekki um fiskveiðiflotann allan og frystihúsin öll. Hluti beggja berst í bökkum, minni bátarnir og frystihúsin, sem erfiðasta aðstöðu hafa.

Þetta er ekkert nýtt hérlendis, en viðbrögðin við þessum vanda eru nú ný af nálinni. Hingað til hefur það verið talið hlutverk ríkisvaldsins að gera ráðstafanir til úrbóta í svipuðum tilfellum og afla til þess tekna, ef með þyrfti, með almennri skattlagningu. Nú eiga síldarsjómenn og síldarútvegsmenn að borga brúsann.

Þetta er þeim mun vafasamara nú, þar sem ljóst er, að ein meginorsök þess vanda, sem við er að stríða, er til komin vegna óðaverðbólgunnar, sem fylgt hefur í kjölfar stjórnarstefnu undanfarinna ára og ríkisstjórnin ber meginábyrgð á. Henni ber því að sjálfsögðu að leysa þá hnúta, sem hún framvegis bindur í undirstöðu- atvinnuvegi þjóðarinnar, ráðast að rótum meinsins, en fljóta ekki á bráðabirgða- úrlausnum frá ári til árs.

Við, sem að þessu nefndarálit stöndum, viljum ekki beita okkur gegn niðurstöðum þess samkomulags, sem náðst hefur í sambandi við fiskverðsákvörðunina þetta ár, á milli fulltrúa hlutaðeigandi stéttarsamtaka fiskseljenda og fiskkaupenda, þar sem hér var um allviðtækt samkomulag að ræða. Hins vegar teljum við aðferðina orka tvímælis og að hér sé ekki um framtíðarlausn verðlagsvandans að ræða.

Við flytjum breytingartillögur þess efnis, að frv., ef að lögum verður, gildi aðeins um framleiðslu ársins 1966, og teljum það rökrétt miðað við ástand þessara mála. Við höfum enn fremur til athugunar að flytja aðrar breytingartillögur eða fylgja breytingartilögum, sem fram kunna að koma við meðferð málsins í deildinni.

Alþingi, 26. febr. 1966.

Jón Skaftason, Gísli Guðmundsson.
frsm.